

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tölul. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Forsteinn Pálsson.

LÖG

um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands, svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í gerðardóm sem ákveði fyrir 1. september 1986 kaup og kjör félagsmanna í Skipstjórafélagi Íslands og Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skal vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar sem samið hefur verið um frá því að þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er óheimilt að segja þeim farmönnum, sem bráðabirgðalögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar skv. 1. mgr. og sker þá félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1987 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.